



Janúar 2012

Embracing our Vision Designing our Future.
Frá orðum til athafna.

Bréf frá forseta landssambandsins.

Ágætu formenn deilda.

Fyrir hönd stjórnar landssambandsins óska ég ykkur öllum gleðilegs árs, friðar og farsældar í störfum ykkar og þakka ykkur fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Framundan er spennandi ár og margt að gerast hjá DKG.
Ég ætla að fara yfir það helsta sem brennur á okkur á næstunni.

Ársskýrslur deilda þarf að fylla út og senda til mín fyrir 1. febrúar. Eyðublöðin voru send til allra formanna frá SarahS@dkg.org í október 2011. Þetta er eins og var í fyrra, þið megið senda þær á íslensku til mín. Ef þið hafið glatað póstinum, þá getið þið fundið skýrsluformið á heimasíðu alþjóðasamtakanna dkg.org. Annars hafið samband við mig, ég fékk sent afrit af ykkar sendingu.

International scholarship. Umsóknir um alþjóðastyrki og upplýsingar um þá má finna á netsíðu DGK.org. Umsóknarfrestur rennur út 1. febrúar.

Uppstillinganefndir eiga að vera að hefja störf til undirbúnings fyrir nýtt stjórnarkjör í vor.

Vorþingið verður haldið í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík, laugardaginn 28. apríl. Dagskráin er í undirbúningi, en endilega hafið samband við okkur í landssambandsstjórninni eða formann menntanefndar Kristínu Jóhannesdóttur kristin.johannesdottir@reykjavik.is, ef það er eitthvað sem þið hafið áhuga á að koma á framfæri fyrir eða á fundinum. Ég hvet ykkur til að fjölmenna með ykkar deildarkonur á þingið. Njótum þess að hittast og vera saman, þó að þingið standi í einn dag, verðum við örugglega með eitthvað fleira á dagskrá dagana í kringum þingið.

Ég minni líka enn og aftur á alþjóðþingið í New York City, dagana 23. – 29. júlí. Í bréfi til ykkar frá Söru, þar sem skýrsluformin voru send eru drög að dagskrá þess. Þar verður margt skemmtilegt á döfinni eins og ég hef aðeins bent ykkur á.

Ég fól Sjöfn Sigurbjörnsdóttur í Alfa-deild að hafa samband við Flugleiðir vegna ferðarinnar til New York og hún er komin með ferðaáætlun.

Ferðaáætlun, fyrstu drög:
Deta-Kappa-Gamma-International Convention í New York City.
Mánudagur 23. Júlí – mánudags 30. Júlí.

Flug frá Keflavík kl. 10:30 – komutími í New York kl. 12:30
Flug frá New York kl. 20:40 komutími í Keflavík kl. 06:00
Verð: 93.720

Hótelið í New York 3. manna herbergi ca. 83.000 kr. 2. manna herbergi ca. 110.000 kr.

Síðan er það þáttökugjaldið á ráðstefnuna sjálfa en það eru 200 dollarar. Einhverjar geta sótt um styrki, en alls ekki allar og þá vaknar sú spurning, hvernig er hægt að vera útsjónarsamar, finna einhver fjáröflunarráð. Ef þið hafið góða hugmynd endilega látið heyra frá ykkur. Allar viljum við komast til New York og hvers vegna ekki að finna leið til þess. Það er uppbyggjandi og hvetjandi að fara saman á ráðstefnur erlendis. Drífum í því.

Í tengslum við alþjóðþingið verður haldið námskeið sem nefnist Seminar in Purposeful Living dagana 19. – 22. júlí. Í Washington DC. Aðeins 250 þátttakendur komast að. Ferð frá Washington D.C. til New York er hægt að fá pantaða í tengslum við námskeiðið. Nánar um námskeiðið má finna á slóðinni DKG.org.

Þáttökugjaldið er 225 dollarar. Einnig verða upplýsingar um þingið á heimasíðu okkar.

Til upplýsinga.

Landssambandsstjórnin verður með fund þann 20. janúar og þar förum við yfir starfið framundan. Varðandi netsamband. Þið látið okkur vita, hvort þið viljið spjalla aðeins við okkur á fundum ykkar í gegnum skype-ið. Það þarf ekki að vera langur tími, rétt svona til að heyra frá ykkur. Þetta er jú framtíðin og við konur í fræðslustörfum verðum að nota tæknina til hins ýtrasta.

Smakkist ykkur þorramaturinn vel.

Kærar kveðjur,

Sigríður Ragna Sigurðardóttir
forseti landssambandsins

